

Eystrahorn

32. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 13. september 2018

www.eystrahorn.is


Sjónrænar rannsóknar á hopi hornfirskra jökla



Heinabergsjökull. Svarthvíta myndin til vinstri er tölvuunnin endurgerð á loftmynd frá 1982 (Landmælingar Íslands). Litmyndin var tekin úr flygildi í september 2017. Mynd: Kieran Baxter

Háskólastríð hefur á undanförunum árum beint sjónum sínum að áhrifum loftslagsbreytinga á Hornafirði í æ meiri mæli. Við setrið er nú unnið að nokkrum ólíkum verkefnum sem varða loftslagsmál. Eitt þeirra snýst um sjónrænar rannsóknir (þ.e. vöktun, skrásetningu og miðlun) á hopi hornfirskra jökla. Vorið 2017 hóf Þorvarður Árnason, forstöðumaður háskólastríðsins, samstarf við Dr. Kieran Baxter frá Dundee-háskóla í Skotlandi. Kieran er sérfræðingur í þrívíddar tölvugrafík og hefur jafnframt langa reynslu af flugmyndatökum, sérstaklega með flygildum (drónum). Kieran er enn fremur mikill áhugamaður um jökla og byrjaði að koma til Íslands strax á barnsaldri, þá í fylgd með föður sínum sem einnig er ljósmyndari.

Markmið verkefnisins er að safna sjónrænum gögnum um núverandi stöðu jökla á Hornafirði þannig að unnt sé að meta breytingar á þeim í framtíðinni og einnig skoða hop þeirra í sögulegu ljósi, út frá því eldra myndefni sem tiltækt er. Loftmyndir sem teknar voru árið 1982 af Landmælingum Íslands hafa reynst sérstaklega mikilvægar í þessu sambandi, því þær hefur Kieran „endurskapað“ í tölvu þannig að hægt sé að nota þær til samanburðar við nýtt efni sem myndað er með



Fláajökull, vestari hluti. Til vinstri er tölvuunnin endurgerð á loftmynd frá 1982 (Landmælingar Íslands), en drónamyndin til hægri var tekin í nóvember 2017. Mynd: Kieran Baxter.

drónum (sjá skýringarmyndir). Breytingarnar sem hafa átt sér stað á þessum aldarfjórðungi eru víða mjög sláandi.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð, Jöklaveröld í Hoffelli, Náttúrustofu Suðausturlands, Veðurstofu Íslands og fleiri aðila. Fyrstu afurðir þess (ljósmyndir og myndbönd) hafa nú litið dagsins ljós og má m.a. sjá þær í kvikmynd Gunnlaugs Þórs Pálssonar um Hoffellsjökul sem sýnd er í gestastofunni í Hoffelli. Ljósmyndir Kierans af Hoffellsjökli má einnig sjá í fréttabréfi frá Veðurstofu Íslands: <http://www.vedur.is/um-vi/frettir/joklar-a-landi-ryrna-enn>. Kieran Baxter hefur komið fimm sinnum til Íslands á undanförunum einu og hálfu ári vegna þessa verkefnis, nú síðast um mánaðamótin ágúst-september. Í þeirri vettvangsferð



Kieran Baxter við flugmyndatökur í september 2018. Heinabergsjökull í baksýn. Mynd: Þorvarður Árnason.

var megináhersla lögð á söfnun myndrænna gagna frá Heinabergsjökli en þar má vænta mikilla breytinga á allra næstu misserum. Einnig var efni safnað frá Skálafellsjökli að þessu sinni. Næstu vettvangsferðir verða farnar í nóvember n.k. og þá stefnir háskólastríð að því að halda opinn fund þar sem helstu niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á vefsíðunni <https://www.climatevis.com>. Ljósmyndir og myndbönd Þorvarðar af hornfirsku landslagi og jöklum má finna á Facebook-síðunni Thorri Photo/Film.

Félagsvist Félagsvist Félagsvist

Við hjá harmonikuunnenda-félaginu ætlum að byrja félagsvistina **20. september** n.k í sal eldri borgara Ekrunni **kl. 20:00**.

Allir velkomnir.



1000kr inn og enginn posi.
(1. kvöld af þremur)

Hlökkum til að sjá sem flesta.

Vinir í bata

**12 spora starf hefst í Hafnarkirkju
miðvikudaginn 19. september, kl. 17-19.**

Um er að ræða 12 spora starfið „Vinir í bata“. Sporastarf þetta er fyrir alla og er hugsað til að horfa innávið frá æsku til dagsins í dag með það í huga að eiga gott líf, skoða orsakir og afleiðingar í þeim tilgangi að vinna bug á erfiðleikum eða neikvæðu lífsmunstri.

Hægt er að gera margt í því sem maður ræðir og tekst á við, en ekkert í því sem maður bælir og horfist ekki í augu við.

Leiðbeinandi í vetur er Sveinbjörg Jónsdóttir djáknakandidat. Ef einhverjar spurningar vakna er sjálfsagt að hafa samband við Sveinbjörgu í síma 869-2364.



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA

HAUSTFUNDUR

Haustfundur FeH verður í Ekrunni á sunnudaginn kemur kl. 14.00.

Ræðum vetrarstarfið og fáum góða gesti í heimsókn: *Matthildi Ásmundsdóttur* bæjarstjóra, *Kolbrúnu Björnsdóttur* framkvæmdastjóra Sporthallarinnar og *Ástu Sigfúsdóttur* sem ræðir um yoga og næringu. Kaffiveitingar.

Mætum vel. Nýir félagar velkomnir !

Stjórnin



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

17., 18. og 19. september.

Tímamantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 14. september.

Næsta skoðun 15., 16. og 17. október.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

**Framsóknarfélag Austur-Skaftafellsýslu boðar til fundar
mánudaginn 17. september kl. 20:00 í
Papóshúsinu.**

Dagskrá fundarins:

- Vetrarstarfið.
- Bæjarmálin.
- Kosning fulltrúa á 18. kjördæmisþing KSFS laugardaginn 6. október.

Allir velkomnir
Stjórnin



Sigríður Sveinsdóttir Háls-nef og eyrnalæknir verður með stofu á heilsugæslustöðinni dagana **27. -28. september n.k.**

Tímamantanir í síma 470-8600 virka daga.

Tekið er við kortum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang:tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot:Tjörvi Óskarsson

Prentun:Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



Sigurður Einarsson

Meningarmiðstöð Hornafjarðar býður til opunar á yfirlitssýningu á málverkum Sigurðar Einarssonar,

föstudaginn 21. september kl. 14-18,

í félagsheimili Mýramanna, Holti.

Verið öll velkomin.

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga



Veðiðiferð og grill inn við Þveit.

Laugardaginn 15. september veðiðiferð og grill inn við Þveit.

Lagt verður af stað frá tjaldstæðinu á Höfn kl 15.00.

Gestir verða að koma með sínar eigin veðistangir og beitu.

Grillaðar verða pylsur að lokinni veiði.

Verð. 1000 kr fullorðinn, 1500 kr fyrir hjón.

Frítt fyrir börn yngri en 16 ára.

Allir velkomnir.

Minum á Lýðheilsugöngum á miðvikudögum í september. Lýðheilsugöngurnar eru stuttar skemmtilegar fjölskylduferðir, 2 eru innanbæjar á Höfn og 2 inn í Nesjum. Allar ferðirnar eru farnar frá bílastæðinu austan við Íþróttahúsið á Höfn og hefjast kl 18.00 nema næsta ferð 12. september en hún hefist kl 19.00 og er inn að Laxá í Nesjum. Þema Lýðheilsugönganna er: Náttúran, vellíðan, saga og vinátta. Gott tækifæri er í þessum ferðum til að kynna nærumhverfi okkar fyrir fólki sem er nýflutt á staðinn og fyrir erlendu starfsfólki sem dvelur hjá okkur. Sýnum vinátta og bjóðum með okkur.

Uppeldi sem virkar

Námskeiðið *Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar* er sérstaklega þróað fyrir foreldra á Íslandi og stuðst við viðurkennd fræði og vel rannsakaðar aðferðir.

Lögð er áhersla á að kenna foreldrum leiðir til að vera samtaka í uppeldinu og skapa æskileg uppeldisskilyrði sem ýtir undir færni sem líkleg er til að nýtast barninu til frambúðar. Foreldrar læra aðferðir til að styrkja eigin hæfni, laða fram æskilega hegðun barnsins og fyrirbyggja erfiðleika á jákvæðan hátt. Námskeiðið á að henta öllum foreldrum ungra barna, a.m.k. að sex ára aldri.

Hvert námskeið er samtals 8 klukkustundir, 2 klukkustundir í senn, alls 4 skipti. Þátttakendur þurfa að skrá sig og greiða fyrirfram og er ætlast til að mætt sé í öll fjögur skiptin.

?

Hvernig er hægt að:

- Koma í veg fyrir hegðunarerfiðleika?
- Hjálpa börnum að þróa með sér öryggi, sjálfstæði og jákvæðni?
- Auka eigin styrkleika og færni í foreldrahlutverkinu?
- Nota aga á jákvæðan og árangursríkan hátt?
- Kenna börnum æskilega hegðun?
- Takast á við venjuleg vandamál í uppeldi?



Námskeiðsgjald er 10.600 kr. fyrir einstaklinga og 13.700 kr. fyrir pör
- námskeiðsgögn innifalin.

Byggir námskeiðið á Uppeldisbókinni sem Skrudda gefur út.

Námskeið verður haldið hér á Hornafirði og hefist þann 27. september n.k.

Skráning er á netfangið hsu@hornafjordur.is eða á heilsugæslustöðinni í síma 470-8600 frá kl. 11.00 virka daga.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Langar þig að prófa fimleika?

Fimleikar 2018-2019					
Rúta	Mánudagur	Rúta	Þriðjudagur	Rúta	Miðvikudagur
14:20-14:30	Mánagarður	14:20-14:30	Mánagarður	14:20-14:30	Mánagarður
14:40-16:20	4-5b kvk	14:40-16:00	1-2b kk og kvk	14:40-16:20	4-5b kvk
14:40-16:20	3-5b kk	Ekki rúta	Ekki rúta	14:40-16:20	3-5b kk
14:40-16:20	3b kvk	16:20-17:00	Leikskóli 2014-2015	14:40-16:20	3b kvk
16:10		Rúta	Föstudagur		Íþróttahús Höfn
16:20-18:20	8b + kvk	14:20-14:30	Mánagarður	17:40-19:20	8-10b kvk
Rúta	Fimmtudagur	14:40-16:00	1-2b kk og kvk	Ekki rúta	Laugardagur
14:20-14:30	Mánagarður		Íþróttahús Höfn		Mánagarður
14:40-16:20	5b kk +	14:20-15:20	3b kvk	9:00-9:30	Leikskóli 2016-2015
16:10		14:20-15:20	3-5b kk	9:30-10:10	Leikskóli 2014-2013
16:20-18:10	6-7b kvk	15:20-16:20	4-5b kvk	10:10-12:10	8b + kvk
		16:20-18:00	6-7b kvk	11:40-13:30	5b kk +
		18:00-19:00	5b kk +	13:00-14:50	6-7b kvk

14:20 kemur rútan við í Hafnarvík og fer síðan á sundlaugarplan og fer þaðan klukkan 14:25. Klukkan 16:10 á miðdögum og fimmtudögum fer rútan frá sundlaugarplan. Rútan kemur heim 10-15 mín eftir lok tíma og stoppar á m1 plani og sundlaugarplan.

Fimleikastarfið er hafið þetta tímabilið. Gaman að sjá hvað margir mættu fyrstu vikuna eftir sumarfrí og einnig kunnug andlit mætt aftur. Við erum gríðarlega ánægð með þann fjárstuðning sem við fengum frá sveitarfélaginu um kaup á nýju stökkgólfi og nýrri lendingardýnu og þökkum þeim kærlega fyrir. Það er gaman að segja frá því að fjórir þjálfarar frá okkur eru að fara á þjálfaranámskeið 1a og þrjú þjálfarar að fara á 1c. Það er mikil gróska í fimleikastarfinu á Höfn. Við erum alltaf að reyna bæta starfið með áhaldakaupum og einnig að senda þjáflara á námskeið til að auka kunnáttu sína. Þessir tveir þættir bæta öryggi iðkenda og þjálfara.

Einar Smári Þorsteinsson yfirþjálfari
og stjórn fimleikadeildar Sindra



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Umhverfis Suðurland í september

Umhverfisnefnd hvetur allar stofnanir, fyrirtæki og íbúa til að taka þátt í umhverfisverkefnum í tengslum við átaksverkefnið Umhverfis Suðurland.

Alheimshreinsunardagurinn er þann 15. september. Stofnanir og fyrirtæki eru hvött til að taka til í nánasta umhverfi sínu þann 14. september, setja inn myndir og skora á önnur fyrirtæki og deila á [#umhverfissuðurland](https://www.facebook.com/umhverfissuðurland).

Tölt með tilgangi og grill. Allir sem vettlingi geta valdið eru hvattir til að taka þátt í ruslatínslu með Umhverfissamtökum Austur-Skaftafellssýslu laugardaginn 15. september. kl. 13:00 við Nýheima, grill í boði umhverfisnefndar eftir tínsluna.

Plastlaus september, tókum öll höndum saman og drögum úr notkun á plasti bæði við rekstur heimila, fyrirtækja og stofnanna

Höldum umhverfinu okkar hreinu.

Umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar

[#umhverfissuðurland](https://www.facebook.com/umhverfissuðurland)



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S. 4708000 / www.hornafjordur.is

Tölt með tilgang

í tilefni Alheimshreinsunardagsins



15. september kl. 13:00-15:00

Hittumst við Nýheima og skiptum okkur á svæði. Endum tiltektina við Gárana þar sem við flokkum og skilum því rusli sem tínt hefur verið. Hvetjum fólk til að tína í endurnýtanlega poka



Kjörin útivera fyrir fjölskylduna

Pylsupartý í boði Umhverfisnefndar Sveitarfélagsins að lokinni tínslu

Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu

#worldcleanupday #umhverfissuðurland

facebook.com/skemmtifelag

facebook.com/hafidhofn

Hornfirska skemmtifélagið kynnis

Hornfirska skemmtifélagið

That 70's Show

Hafid
HAFIDHOFN

Hornfirskir listamenn flytja erlend lög frá áttunda áratug síðustu aldar. Sýningar Hornfirska skemmtifélagsins verða líkt og í fyrra á Hafinu.

Frumnýning 6. október
Önnur sýning 13. október
Lokasýning 20. október

Miðaverð kr. 9.800

- Þriggja rétta hátíðarkvöldverður
- Sýningin "That 70's Show"
- Stórdansleikur með hljómsveitinni KUSK

Miðapantanir í gegnum tölvupóst kartofluhusid@gmail.com og í síma **866-0963** (Eva) ATH! Pantið miða tímanlega - í fyrra komust færri að en vildu.

Fab Lab- og Vöruhúsanámskeið

LAMPAHÖNNUN

Námskeið í því að búa til plexi LED lampa. Kennt er á teikniforritið **Inkscape** í þeim tilgangi að hanna lampa í laser-skera og viðarfræsara. Endalausir möguleikar!



12 tíma námskeið, 2 tímar í lotu hefst 18.september.

Kennt verður á þriðjudögum kl.17:00-19:00 / Gjald15.000 kr. á námskeið (fyrir utan efniskostnað)
Skráning: vilhjalmurm@hornafjordur.is eða í síma: 862-0648.

ÖNNUR NÁMSKEIÐ Í BOÐI

Við viljum kanna áhuga á þessum námskeiðum. Ef nægur fjöldi næst þá munum við halda þessi námskeið í vetur. Verið í sambandi til þess að fá meiri upplýsingar.
Ath. ekki er komin tímasetning eða verð á þessi námskeið!

- Raftónlistarnámskeið (Kennari: Tjörvi Ó).
- Sjónlist (Kennari: Eyrún Axels)
- Fatasaumur (Kennari: Lind)

- Byrjendanámskeið Fab Lab (Kennari: Sunna G)
- Hönnun fyrir viðarfræsara CNC (Kennari: Vilhjálmur)
- Þrívíddarhönnun og prentun (Kennari: Vilhjálmur)
- Arduino iðntölvur (Kennari: Vilhjálmur)



Ertu með frábæra hugmynd? opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð

1

Menningarverkefni

Uppbyggingarsjóður styrkir menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi

2

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Uppbyggingarsjóður styrkir atvinnuskapandi og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi

Starfandi fyrirtæki eru sérstaklega hvött til að sækja um



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna. Nánari upplýsingar á vef SASS.

Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 9. október 2018



STYRKIR@SASS.IS



WWW.SASS.IS



S. 480-8200

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁETLUN
SUÐURLANDS